

## *Allt á eina bókina lært?*

### Um reglufestu og einsleitni í þróun háskóla

Háskólastigið er í hröðum vexti hér á landi og það virðist vera að taka á sig nýja mynd. Fjölmargar spurningar vakna vegna þessa og helst þyrfti að fá svör við þeim öllum. Meðal þeirra sem ég hef verið að glíma við eru: Hvað er háskóli? Hvaða hlutverki þjóna háskólar? Hvaða verkefni vinna háskólar? Eiga allir háskólar eitthvað sameiginlegt annað en nafnið? Að hvaða marki eiga þeir að vera eins? Hvað eiga að vera margir háskólar á Íslandi? Hvernig þróast háskólar? Er þróunin eins hér á landi og annars staðar? Hvaða öfl ráða þeirri þróun? Hver á að borga fyrir háskólastarfið og hvers vegna? Hvernig á að stjórna háskólum? Hversu mikilvæg er samkeppni í háskólaumhverfinu? Eru háskólar í tilvistarkreppu? Er mikilvægasta sameiginlega einkenni háskóla að þeir flétta saman rannsóknir og kennslu?<sup>1</sup> Hvernig er sennilegt að háskólastarf verði eftir 50 ár?

Þótt þessar spurningar séu áhugaverðar og mikilvægar og það sé hægt að svara þeim, ætla ég hér að fjalla um ákveðin jarðbundnari atriði sem ég tel að nauðsynlegt sé að hafa hugföst í skoðun háskólastarfsins næstu áratugina. Þetta eru atriði sem lúta að vexti háskólastigsins, eðli þróunar þess og mikilvægum áhrifaþáttum. Að mínu mati hafa þessi einföldu atriði oft verið vanmetin eða misskilin.

#### I


Fyrsta atriðið snýst um umfang háskólamenntunar. Margir furða sig á því hve vöxturinn hefur verið mikill undanfarin ár og spyrja hvað sé hér á seyði. En við hverju mátti búast? Ég tel mig hafa sýnt fram á það að vöxtur háskólakerfisins hafi verið mjög stöðugur alla 20. öldina og lúti enn þeirri reglu sem kom þá þegar fram (Jón Torfi Jónasson, 1995, 1999, 2000 september, 2004b). Ég verð jafnframt var við að ýmsir hvorki átta sig á þessari reglu, né vilja trúna henni og gera sér fyrir bragðið sennilega ranga mynd af því sem er að gerast.

Þess vegna fjalla ég um umfangið hér og hamra á því að það er ekkert óvænt eða ófyrirsjáanlegt í vexti háskólamenntunar hér á landi miðað við hver tillhneigingin hefur verið og miðað við hvað hefur verið uppi á teningnum í nágrennalöndum okkar (Jón Torfi Jónasson, 2004a).

1 Ég færði fyrir því rök á málþingi um háskóla framtíðarinnar í Háskóla Íslands 2. maí 2005 að mikilvægasta sameiginlega einkenni allra háskóla væri samflétta kennslu og rannsókna.

Ég fellst þó á að sá vöxtur sem hefur átt sér stað undafarin 5–6 ár hefur verið mikill og jafnvel farið fram úr því sem ég hafði áður spáð. Þess vegna nota ég aðeins önnur gögn en ég hef gert áður. Hingað til hef ég aðeins tekið með í reikninginn þá sem eru í háskólum á Íslandi, en látið íslenska stúdenta erlendis liggja á milli hluta. Nú tek ég saman bæði þá sem skráðir eru í háskólanám erlendis og þá sem eru í háskólum á Íslandi. Ég tel að með þessu móti megi betur skilja ákveðnar hræringar hér innanlands sem ekki væru alveg ljósar ef stúdentar erlendis væru ekki teknir með. Gögn um þetta eru birt í mynd 1.

Mynd 1 – Hlutfall háskólanemenda miðað við stærð árganga 1911–2010



**Mynd 1.** Þykka línan sýnir samanlagðan fjölda stúdenta sem skráðir eru í háskóla á Íslandi og þeirra sem skráðir eru í háskólanám erlendis (samkvæmt gögnum Hagstofunnar frá LÍN), sem hlutfall af meðalstórum árgangi (400% samsvara fjórum árgöngum). Með því að sýna gögnin svona er tekið tillit til fólksfjölgunar að nokkru leyti. Ekki er til mikið af gögnum frá fyrri hluta síðustu aldar um nemendur erlendis og þar hef ég getið í eyðurnar. Til eru gögn um námsmenn erlendis frá árinu 1966 og til þessa dags og fyrir nokkur ár á stangli fyrir þennan tíma. Gögn fyrir önnur ár eru fengin með brúun (*interpolation*) þeirra talna sem til eru. Tvær línur eru felldar að þessum gögnum. Punktalínan sýnir veldisfall sem fellt er að þessari línu og lýsir nálægt 4,5% meðalvexti á því tæplega 100 ára tímabili sem gögnin ná yfir. Þessi lína staðfestir að gögnunum megi í öllum aðalatriðum lýsa með veldisfalli. Óbrotna línan er veldisfall sem fellt er að gögnunum á tímabilinu 1911–1970. Myndin sýnir að fyrir utan frávik gagnanna frá línunni í örfá ár upp úr 1990 fjölga stúdentum nokkurn veginn eins og spá byggð á árunum 1911–1970 segir til um. Það er eins og gögnin elti veldisfallið. Þetta undirstrikar stöðugleika þróunarinnar.


Til þess að sýna þá reglu sem er í útþenslu háskólakerfisins hef ég sett inn á myndina línu sem felld er að gögnunum frá 1911–1970 (með stúdentum erlendis inni í myndinni). Þá sést að þessi lína spáir fyrir um vöxtinn í kerfinu í grófum dráttum næstu 35 árin, það er árin 1970–2005. Við vitum að þetta er svo. Þetta þýðir að spá sem byggð er á gögnum frá 1911–1970, sem er tímabil sem hefur allt önnur einkenni en sá tími sem við lifum nú, dugar samt til þess að spá fyrir um þróunina fram á þessa öld. Að

mínu mati er þetta ekki tæknilegur talnaleikur heldur segir hann áhugaverða sögu um eðli og einkenni útbenslu háskólastigsins. Ég tel gögnin sýna að vöxturinn sé reglulegur og fjölgunin undanfarna áratugi eigi ekki að koma á óvart.<sup>2</sup>

Ég miða við árið 1970 vegna þess að oft er því haldið fram að á árunum í kringum 1970 hafi eitthvað gerst í þróun háskólastigsins á Íslandi sem hafi í eðli sínu verið frábrugðið því sem áður var. Þá hafi hafist nýtt skeið í háskólamálum á Íslandi. Þetta má rökstyðja með ýmsu móti, en þau gögn sem hér eru sýnd og vísa í umfang starfsins á mjög grófum mælikvarða renna alls ekki stoðum undir þá skoðun.<sup>3</sup> Þvert á móti benda þau til þess að umfang háskólastarfsins hafi vaxið á sama hraða eftir 1970 og það gerði næstu 60 ár á undan og í þeim þrönga skilningi hafi ekkert breyst. Það voru ýmsar hræringar á þessum tíma, en þær voru líka bæði fyrir og síðar.

Spáin gildir þó ekki í öllum smáatriðum. Það kemur hlykkur á línuna upp úr 1990, þannig að vöxturinn hættir í næstum hálfan áratug, en tekur svo upp sitt fyrra form. Þetta tímabil er ekki langvarandi, en má að hluta til skýra með því að það verður nokkuð snögg breyting á sókn nemenda í nám erlendis. Samkvæmt gögnum frá LÍN (en lánasjóðurinn hafði að vísu ekki gögn um alla stúdenta erlendis) voru allt upp í 40% íslenskra háskólanemenda sem stunduðu fullt nám erlendis. Nú er þessi tala komin niður í nálægt 15%. Mynd 2 sýnir að það verður talsverð breyting á sókn nemenda í nám erlendis í upphafi tíunda áratugarins og skýrir það hluta þeirrar uppveiflu sem hefur orðið hér á landi síðan þá. Samkvæmt þessum gögnum verður talsverð fækkun íslenskra stúdenta erlendis upp úr 1990 og skýrir hún að hluta hlykkinn á línunni á mynd 1. Ef við horfum aðeins á sókn nemenda í íslenska háskóla, einmitt þau árin, voru engar eftirtektarverðar breytingar í þeim hópi.

Mynd 2 – Fjöldi nemenda í háskólum á Íslandi 1977–2004




- Ég hef ekki sett inn spá sem gerir ráð fyrir metnun aðsóknar, það er að segja spá sem gerir ráð fyrir því að það séu einhver efri mörk. Þótt það sé hið kórrétta á það ekki endilega heima hér.
- Hér er notaður eins grófur mælikvarði og hugsast getur og hann er vitaskuld ófullkominn. Hann mælir aðeins yfirborðið og snertir ekki starfsemina beint. Hann tekur heldur ekki á aldurskiptingu, skiptingu á milli kynja, sveiflum á milli greina, né vexti í grunnnámi samanborið við vöxt í framhaldsnámi.

**Mynd 2.** Línan í miðjunni sýnir fjölda nemenda í háskólum á Íslandi á árunum 1977–2004. Þar eru engar sérstakar sveiflur, nema ef til vill aðeins uppsveifla árið 1991. Neðsta línan sýnir fjölda nemenda við háskólanám erlendis. Þar verður sýnilegur samdráttur upp úr 1990, sérstaklega ef miðað er við þann fjölda sem sækir nám á háskólastigi á þessum árum. Efsta línan er samanlagður fjöldi þessara tveggja lína og er grunnur þeirra útreikninga sem eru sýndir á mynd 1.

Frekari stoðum er rennt undir reglufestuna með því að bera saman þróunina á Norðurlöndunum. Þetta er að vísu vandasamt vegna þess að það er misjafnt hvernig nám er flokkað. Hér er miðað við það sem flokkað er nám í háskólum og ekki aðeins miðað við þrönga skilgreiningu á háskóla. Mynd 3 sýnir aðeins Svíþjóð fyrir hluta aldarinnar, en línurnar yrðu nánast þær sömu fyrir allar þjóðirnar á þessum kvarða. Aðalatriðið er að í öllum löndunum tekur háskólamenntunin við sér um svipað leyti og þessar þjóðir stefna allar í sömu átt, það er í stórauðna háskólamenntun og með ámóta hraða. Það er margvíslegur munur á kerfunum sem gæti verið áhugavert að skoða, en hér dregin athygli að því hve svipað þetta er, þrátt fyrir allan kerfismun.

**Mynd 3 – Háskólanemendur á Norðurlöndunum miðað við meðalstærð aldurshópa 20–24 ára**



**Mynd 3.** Myndin sýnir fjölda háskólastúdenta á Norðurlöndum. Línurnar sýna fjölda sem hlutfall af árgöngunum 20–24 ára. Myndinni er ekki ætlað að sýna innbyrðis samanburð á milli landa sem kann að vera umdeilanlegur vegna ólíkra skilgreininga á háskólum, heldur á hún að sýna að almenn þróun er keimlík í öllum löndunum fimm. Myndin er byggð á upplýsingum frá Hagstofum Norðurlandanna.

Hér er reynt að beina sjónum að skóginum í stað trjánna, en mér hefur stundum virst að fólk eigi til að gleyma sér í aukaatriðunum þegar fjallað er um háskóla. Þetta kemur meðal annars fram þegar einblínt er á það hve margir háskólar séu á Íslandi eða hve margar háskóladeildirnar eru, en ég bendi á að einblíni fólk á þessi atriði missir það af hinum grófu línunum í þróuninni. Þær eru ekki síður áhugaverðar og segja sögu sem verður ekki sögð með öðru móti.

## II

Innviðir kerfisins skipta auðvitað máli. Það er mikilvægt að velta því fyrir sér hvernig háskólarnir þróast þegar horft er á þá innan frá. Hvers eðlis er þróun háskólanna og hvað rekur hana áfram? Ég tel að háskólar í Evrópu feti mjög svipaðar slóðir og háskólar í Norður-Ameríku, þeir evrópsku séu aðeins nokkrum áratugum á eftir (Jón Torfi Jónasson, 1999, 2000b). Jafnframt tel ég að háskólar í Evrópu séu flestir á sama skriði, það er í átt að viðmiði rannsóknarháskóla. Nú eru evrópsku skólarnir vissulega komnir mjög mislangt á þeirri braut; sumir hafa verið þar um langa hríð (þó fæstir mjög lengi), aðrir eru rétt komnir af stað og enn aðrir eiga enn nokkuð í land. En allir eru á sömu leiðinni. Háskóli Íslands er kominn langlengst íslensku háskólanna, en flestir hinna telja sig vera komna nálægt því að skilgreina sig sem rannsóknarháskóla. Nákvæmlega sama þróunin er á öllum Norðurlöndunum. Þar eru háskólar komnir mislangt en mér finnst það ekki leyna sér að mjög margir hafi það markmið að vera, eða verða háskóli í fremstu röð. Þessi ásetningur er að mínu mati ein skýringin á því að háskólakerfi þessara landa vaxa nokkuð hratt og þróast á svipaðan hátt. Skólar flytjast til innan kerfisins, þá rekur í átt að hærri virðingarstöðu innan háskólageirans og sú staða ákvarðast að verulegu leyti af rannsóknum, umfangi þeirra og sýnileika (Gyða Jóhannsdóttir, 2001; Jón Torfi Jónasson, 2004 desember; Morphew, 2000). Ég hef kallað þetta kerfisrek eða fræðirek stofnana.<sup>4</sup> Þannig flytjast skólar eða tiltekin verkefni sem eru á framhaldsskólastigi, á millistigi eða strax á háskólastigi. Þar til viðbótar færast viðfangsefni sem eru á grunnstigi háskólastigs á framhaldsstigi. Þetta gerist mishratt í ólíkum greinum og löndum en gerist, þegar á heildina er litið, hægt og sígandi alls staðar. Þetta á einkum við um starfsnám af ýmsu tagi og þess vegna hefur háskólastig Vesturlanda fengið það orð á sig að sinna starfsmenntun betur en áður, en ég tel það fyrst og fremst stafa af því að starfsmenntun sem ekki var þar er nú komin þangað. Þetta skýrir sumt í þeim vexti sem við höfum séð; skólar sem voru á framhaldsskólastigi eru nú á háskólastigi og nemendurnir þá taldir með því síðarnefnda.

Þessi tilfærsla tengist sterku afli sem ég tel að tengist mjög vexti háskólastigsins. Það er sókn nemenda í prófgráður (Brown, 1995; Collins, 1979; Jón Torfi Jónasson, 2004b; Labaree, 1997).<sup>5</sup> Vonandi hafa nemendur áhuga á inntaki þess sem þeir læra og eru þess vegna áfjádír í að til þeirra séu gerðar sem mestar kröfur, fyrir þá séu lögð krefjandi og gagnleg verkefni og fyrir bragðið víkki þeir sjóndeildarhring sinn og nái tókum á margvíslegri færni sem gagnast þeim síðar í lífi og starfi. En það er alveg ljóst að margir þeirra eru jafnframt, og ekki síður, að sækjast eftir viðurkenningunni, vottorðinu um að þeir hafi lokið háskólanámi, t.d. BA eða svipaðri gráðu eða MA eða sambærilegri gráðu. Einhver hluti nemenda vill gjarnan fara í fræðilegt nám en mjög stór hluti þeirra vill leggja stund á nám sem er augljóslega gagnlegt í hefðbundinni merkingu: margir vilja fara í starfstengt nám. Vandinn er sá að þetta sama fólk vill líka fara í nám sem hefur bærilegan virðingarsess, hvernig svo sem það huglæga

4 Á ensku hafa verið notuð orðin *academic drift* og *institutional drift*.

5 Á ensku er einkum notað orðið *credentialism* og þá vísað í átaka- eða samkeppniskrafta, *status competition mechanisms*.

fyrirbæri er skilgreint. Ef þetta togast á, þá er eins og gagnsemin víki fyrir virðingunni þegar á heildina er litið. En best er ef þetta fer saman. Þannig vinnur ásetningur skólastofnana um að auka virðingarsess sinn, meðal annars með því að flytja sig til í skólakerfinu, með ásetningi nemenda um að fara í nám sem þeir telja í senn hagnýtt og njóta virðingar. Þetta gildi um hríð um starfsnám á framhaldsskólastigi, sem þurfti að lúta í lægra haldi fyrir virðingu háskólanámsins (og þess vegna ljúka mjög margir stúdentsprófi), og skýrir að mínu mati ýmislegt um þróun framhaldsskólans. Á meðan starfsnám á fyrstu stigum háskólanáms hefur þá virðingu í hugum nemenda að þeim finnst að það dugi, þá sækja þeir það og vildu sennilega margir helst að það nægði. En þegar næstu námsgráðu, meistarafráðunni, vex ásmegin fer að fjara undan sjálfstæðu gildi fyrstu háskólagráðunnar og hún verður í huga bæði skólakerfisins og nemendanna almennur undirbúningur en fólk sækir sér síðan starfsmenntun í annarri háskólagráðu (eða þeirri þriðju?). Þannig sýnist mér þessu vinda fram og tekur það vitaskuld langan tíma. Þetta helst í hendur við sókn háskóladeildanna, ekki síður en nemendanna, í meiri viðurkenningu þannig að þessi tvöfalda sókn í virðingu eykst og hvatningin verður gagnkvæm. Þessir kraftar styðja hvor annan. Ef þessir drifkraftar snerust aðeins um ímynd eða sýndargildi væri sennilega rétt að reyna að sporna við þeim. En það liggur miklu meira að baki. Skýr og sterk efnisleg rök eru fyrir því að efla rannsóknir í háskólum og skapa með því kvikt og frjótt umhverfi, efla fræðileg og gagnrýnin vinnubrögð og kenna fólki að leita sér nýrrar þekkingar. Jafnframt eru sterk efnisleg rök fyrir því að afla sér sífellt meiri þekkingar sem er bæði á dýptina og breiddina. Það eru góð rök fyrir samfélagið að bjóða upp á mikil tækifæri til menntunar og sömuleiðis fyrir fólk að nýta sér þau.

Hér hafa verið færð rök fyrir því að stöðugleiki til langs tíma einkenni vöxt háskólastigsins, ekki aðeins hér á landi heldur einnig í nágrannalöndum okkar. Hann er ekki síst áhugaverður vegna þess að honum er lýst með veldisfalli og slík föll lýsa vel, meðal annars, vexti neyslu. Þótt ég hafi staldrað lengi við þennan stöðugleika er hann samt ekki aðalatriði máls míns, heldur þær ályktanir sem ég dreg af honum um hvers eðlis vöxtur háskólastigsins sé og hvaða kraftar gætu ráðið þar ferðinni. Það er mikilvægt að skilja reglufestuna, stöðugleikann, og velta því fyrir sér hvort þær skýringar á þessari þróun sem ég set hér fram séu jafn mikilvægar og ég læt hér í veðri vaka. Það er stöðugleikinn sem vekur upp efasemdir um að skýringar dugi sem vísa í tíðaranda eða kröfur mjög sveiflukenns atvinnulífs eða breytilegar gjörðir stjórn málafla á styttri tímabilum.<sup>6</sup> Ég bendi á skýringar sem vísa í sívaxandi sókn fólks eftir þeim gæðum og þeim starfsframa sem menntun býður og hefur einmitt lengi gert þegar á heildina er litið. Einnig bendi ég á skýringar sem vísa í tilhneigingu stofnana til þess að breyta sér, bæði vegna sjálflægs metnaðar og til þess að laða að sér nemendur sem eru næmir fyrir áferð, ímynd og virðingu þeirrar menntunar sem þeir hljóta.

Jafnframt tel ég að það sé gagnlegt að skoða samkeppni á milli háskóla og háskóla-deilda í þessu ljósi og einnig þá spurningu hvort rétt sé að sameina margar stofnanir

6 Það eru stjórn málaöflin sem opna möguleikana, greiða fyrir þróuninni, en þau eru ekki drifkrafturinn og þau stjórna henni aðeins að mjög takmörkuðu leyti.

undir einn hatt. Ef virðingarsess í augum nemenda ákvarðast af tiltölulega einsleitum gildum munu ólíkir skólar reyna að höfða til þessara gilda og verða keimlíkir séð frá sjónarhorni nemandans. Sömuleiðis, ef virðingarsess háskóla og háskóladeilda ákvarðast af frekar einsleitum gildum, munu þau ráða ferðinni, að minnsta kosti innan einu og sömu stofnunarinnar. Þannig má vera að þeir kraftar<sup>7</sup> sem ráða ferðinni leiði til meiri einsleitni í skólastarfi en endilega er gagnlegast fyrir samfélagið.<sup>8</sup> Þetta ber að hafa í huga í umræðu meðal annars um samkeppni og um sameiningu háskólastofnana. Ég hef af þeim sökum haft efasemdir um sameiningu stofnana, en kannski voru þær byggðar á misskilningi. Ég stóð í þeirri meiningu að væru skólar sjálfstæðir gætu þeir haldið sérstöðu sinni. Flestir íslensku skólanna virðast vilja það, en mér er ekki ljóst hve mikilli sérstöðu þeir vilja í raun halda. Ég tel það visst áhyggju- eða að minnsta kosti umhugsunarefni ef það stefnir í mikla einsleitni í háskólastarfinu, þannig að það verði allt sífellt fræðilegra, það er að þar verði allt á (eina eða sömu) bókina lært.

Ráði sókn í prófgráður og kerfisrek eins miklu og ég hef haldið fram, verður vitund um þetta að speglast mjög skýrt í öllu því starfi háskólanna sem snýst um gæði. Það er hætt við að kröfur um skilvirkni, framleiðni og þjónustu, sem allt eru mikilvæg atriði í allri starfsemi geti orðið á kostnað þeirrar fagmennsku sem háskólarinnir þurfa að ná tökum á og þeirrar menntunar sem fólk er að afla sér; það er almennt á kostnað eðlilegra krafna og þess að rækta tengsl rannsókna og kennslu í háskólum. Þó vonandi ekki þannig að það verði aðeins á eina bókina lært, það er að námið færast yfir í einhæft skólastarf. Við ættum að tryggja margvíslega fjölbreytni, hvort heldur horft er á kerfishliðina (til dæmis þegar námið er skipulagt), verklag í kennslu eða inntak námsins.

Skilningur á almennri þróun háskólanna er mjög gagnlegur til þess að skilja og taka á mörgu því sem nú er að gerast í háskólastarfinu. Þetta á ekki síst við þar sem af hálfu ríkisvaldsins er veitt fé til háskólanna samkvæmt framvindu nemenda og meira er greitt með framhaldsnámi en grunnnámi (sem ég tel nauðsynlegt). Þá bætast sterkir kraftar fjármagnsins við þá sem fyrir voru og þeir toga allir í sömu áttina.

Þegar ég spyr hvort allt sé á eina eða sömu bókina lært, velti ég því fyrir mér hvort hlutirnir séu nægilega vel gerðir, en þó einkum hvort háskólastarfið stefni smám saman í einsleitt kerfi með yfirgnæfandi bóklegri áherslu.

7 Það eru ýmsir fleiri kraftar sem hafa áhrif á þróun skólakerfisins, ég hef aðeins nefnt tvo sem ég tel vert að veita sérstaka athygli.

8 Ég hef gefið mér að einsleitni sé ekki eftirsóknarverð fyrir samfélagið; þvert á móti. En ég hef ekki fært gild rök fyrir því sjónarmiði og það kann að vera að hún sé samt eftirsóknarverð, séu allir að gera eins og gera það vel!

## HEIMILDASKRÁ

- Brown, D. K. (1995). *Degrees of control: A sociology of educational expansion and occupational credentialism*. New York: Teachers College Press.
- Collins, R. (1979). *The credential society: An historical sociology of education and stratification*. New York: Academic Press.
- Gyða Jóhannsdóttir (2001). *The conceptions on the upgrading of the education of Icelandic elementary school teachers to university level in 1971*. Óbirt doktorsritgerð, Danmarks Pædagogiske Universitet, Kaupmannahöfn.
- Jón Torfi Jónasson (1995). Er skólakerfið að springa? Um þróun háskólastigsins á Íslandi. Í Friðrik H. Jónsson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum* (bls. 341–355). Reykjavík: Félagsvísindastofnun HÍ, Háskólaútgáfan.
- Jón Torfi Jónasson (1999). The predictability of educational expansion: Examples from secondary and higher education. Í Ingemar Fägerlind, o.fl. (Ritstj.), *Higher Education at the crossroads: Tradition or transformation?* (bls. 113–131). Stockholm: Institute of International Education. Stockholm University.
- Jón Torfi Jónasson (2000, september). *How regular is educational expansion? A comparison between five Nordic countries*. Fyrirlestur haldinn á CESE, Bologna.
- Jón Torfi Jónasson (2000b). Þróun háskólamenntunar á Íslandi. Í Friðrik H. Jónsson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum (Vol. III)*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun.
- Jón Torfi Jónasson (2004a). Higher education reforms in Iceland at the transition into the twenty-first century. Í Ingemar Fägerlind og Görel Strömqvist (Ritstj.), *Reforming higher education in the Nordic countries: Studies of change in Denmark, Finland, Iceland, Norway and Sweden* (bls. 137–188). París: International Institute for Educational Planning.
- Jón Torfi Jónasson (2004b). What determines the expansion of higher education? Credentialism, academic drift, and the growth of education. Í Ingjaldur Hannibals-son (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum V. Viðskipta og hagfræðideild* (bls. 275–290). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.
- Jón Torfi Jónasson (2004, desember). *Why does the higher education sector expand in the way it does? Credentialism, academic drift, and the growth of education*. Erindi flutt hjá Society for Research in Higher Education (SRHE), Bristol.
- Labaree, D. F. (1997). *How to succeed in school without really learning: The credentials race in American education*. New Haven, Conn: Yale University Press.

Jón Torfi Jónasson  
er prófessor í uppeldis- og  
menntunarfræði við Háskóla Íslands